

Haustferð Betadeildar fimmtudaginn 19. sept 2019

1. fundur Betadeildar starfsárið 2019 – 2020

18 konur og héldu glaðar af stað frá Icelandair hótelinu kl. 17, í rútu frá SBA. Haldið var til Dalvíkur en í leiðinni staldrað við að Böggvistöðum þar sem bakaríð var heimsótt. Súrdeigsbakarinn Mathias Julien Spoerry tók á móti hópnum og fræddi um vinnslu á hveiti, brauðbakstri og síðast en ekki síst bauð hann upp á ilmandi súrdeigsbrauð að smakka. Brauðið er bakað úr hveiti sem er lífrænt ræktað í Frakklandi en malað á Böggvistöðum og er því ætíð bakað úr nýmöluðu hveiti ásamt íslensku salti og vatni. Baksturinn fer fram í viðarhituðum steinofni sem var hlaðinn á Böggvistöðum. Eftir fræðslu og smakk lá leið Betakvenna á veitingastaðinn Gísla, Eirík og Helga.

Þar bauð Sigríður konur velkomnar og sagði ekki ætlun að halda fund með formlegu sniði en eitt og annað væri á dagskrá til að hefja vetrarstarfið.

Fræðsluerindi kvöldsins kom frá Elísu Rán Ingvarsdóttur hjúkrunarframkvæmdarstjóra á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Dalbæ sem fjallaði um farsæla öldrun. Í erindi sínu beindi Elísa Rán m.a. sjónum að því hve aldur sé afstæður, hve langt bil geti verið á milli þeirra sem teljast í hópi aldraðra þó oft sé talað eins og um einsleitan hóp sé að ræða og ákveðin staðalímynd liti umræðuna. Þetta var áhugavert erindi sem vakti talsverða umræðu í hópnum.

Stjórnin lagði fram vetrardagskrána og rifjaði Sigríður upp það fyrirkomulag sem reynt var í fyrra þ.e. að einn hópur sjái um að finna fundarstað, undirbúa dagskrá og veitingar fyrir fund. Þar sem áður hefur verið nefnt að breyta tilhögun varðandi leshring þá leggur stjórnin til að undirbúningshópur fundarins í mars hafi frjálssar hendur með að undirbúa þann fund, hvort sem um verði að leshring eða annað form. Stjórnin mun eins og verið hefur standa að undirbúningi fyrir haustferð, jólafundi og aðalfundi. Jólafundurinn mun verða í samstarfi við Mý- og Ný-deildir. Athygli var vakin á því að dagskrá funda hefst klukkan 19:00 á vetrarskipulaginu.

Sigríður sagði frá umræðu frá fundi framkvæmdaráðs í vor þar sem rætt var um að yfirskrift tímilsins væri *Verum vakandi og virkar*. Þar var einnig til umræðu að vekja athygli á samtökunum sem fagsamtökum og að hvetja deildir til samvinnu. Jafnframt var nokkur umræða um heimsmarkmiðin og að virkja konur í þeirra þágu. Á framkvæmdaráðsfundinum var ákveðið að næsta vorþing verði haldið í Borgarnesi þann 9. maí. Búið er að fá tilboð í gistingu hjá B59 hóteli, tveggja manna herbergi á 14.900 kr og 11.900 fyrir eins manns herbergi. Matur og gisting fyrir einn í tveggja manna herbergi væri því um 13.000 kr.

Hönnu Salómons dóttur voru færðar góðar þakkir fyrir borðskreytingarnar á alþjóðþinginu sem vöktu þar mikla lukku. Jafnframt var mikil ánægja með happdrættisvinninginn frá Betadeild sem kom einnig úr Hönnu ranni, listafallegir handprjónaðir vettlingar.

Nutu konur veitinga og samveru þar til haldið var heimleiðis um kl. 21:30.

Fundargerð ritaði Elín E. Magnúsdóttir